

að leggja gjöld á kærðan, eftir því sem hún telur vera að lögum, en ekki má inn- **95**
heimta þau gjöld fyrr en máli því, er ræðir um í 6.—9. gr., er lokið, enda fer þá **23. júní**
um greiðsluskylduna eftir niðurstöðu málsins.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 1000 kr., og mál út af þeim skulu rekin sem almenn lögglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um, að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda **96**
skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti. **23. júní**

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda í Reykjavík, meðan það hefir löggildingu sem aðalútflytjandi saltfiskjar samkvæmt lögum, skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnun og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.